

1

Við þurfum að horfa til framtíðar, greina sóknarfærin og vinna að eflingu og samkeppnisfærni sjávarútvegsins. Hluti af þessu er að sameina fyrirtæki í sjávarútvegi í ein öflug samtök, hvort sem þau starfa við veiðar, vinnslu, markaðsetningu eða sölu á sjávarafurðum. Öflugur sjávarútvegur hlýtur að vera sameiginlegt markmið okkar og til þess þarf að huga mjög að menntun í víðum skilningi.

2

En á hverju byggjum við?

Jú, náttúruauðlindinni hafinu og svo ímynd landsins sem er sterk vegna hreinleika landsins.

Það er skylda sjávarútvegsins að vernda og verja vistkerfi sjávar og gera ekkert sem spillt getur þeirri mynd að íslenskur sjávarútvegur sé ábyrgur og vistvænn og að afurðir hans séu hreinar og ómengaðar. Við sem þjóð þurfum við að móta langtímahugsun og heilðræna sýn á nýtingu auðlinda okkar og skila auðlindum í jafngóðu eða betra ástandi til komandi kynslóða.

Við stöndum að mörgu leyti mjög vel því áhersla á sjálfbærni og virðingu fyrir náttúrunni er innbyggð stjórnkerfi fiskveiða því það felur í sér hagrænan hvata til góðrar umgengni um auðlindina og að langtímahagsmunir séu hafðir að leiðarljósi.

3. Þessi glæra hér dregur árangurinn eiginlega býsna vel fram en hún sýnir vel að á liðnum árum höfum við veitt minna – við erum árbyrgari. En um leið hafa verðmætin aukist. Við veium sem sagt minna en fáum meira.

Þjóðir heims leita nú leiða til að samtvinna markmið til skemmri tíma um efnahagslegan vöxt við lengri tíma markmið um verndun umhverfis. Lykilláttur í þeirri nálgun er að ekki er hægt að skilja að umhverfismál og efnahagsmál en til þess þurfum við að byggja upp mannauð með ríka og yfirgripsmikla þekkingu.

Mér finnst þessi glæra draga það nokku vel fram að okkur hefur tekist vel til enda líta aðrar þjóðir jafnan til okkar sem fyrirmyndar hvað fiskveiðistjórn varðar ((og reyndar tónlistar og bókmennta.))

Fiskveiðistjórnunarkerfið okkar byggir á vísindalegri ráðgjöf og er grundvöllur þess að hér er rekinn ábyrgur sjávarútvegur sem tryggir hvort tveggja sjálfbærni og arðsemi. Fiskveiðistjórnunarkerfi okkar er byggt á rústum fyrra fyrirkomulags sem byggðist á ofveiði og gekk á sama tíma á náttúruauðlindina og skilaði litlum arði fyrir þjóðarbúið. Lykillinn að arðbærni núverandi fyrirkomulags er sjálf umhverfisverndin. Við eigum að halda áfram á þessari braut og ég vil að Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafi umhverfismál alltaf í öndvegi í starfi sínu.

Og þetta er ég ekki að segja að því það hljómar svo fallega. Það er einfaldlega fráleitt að tala um efnahags- og atvinnumál án þess að ræða umhverfismál. Verðmætasköpun íslensku þjóðarinnar byggir fyrst og fremst á sjávarauðlindinni, rafmagnsfráleiddu orkuauðlinda, stórbrotinni náttúru og síðast en ekki síst mannauði – samspil mannauðs og auðlinda skapar velsæld.

Umfangsmikil röskun á náttúrufari getur kippt grundvellingnum undan hagsæld þjóðarinnar. Því þarf að vanda vel til verka við stjórnsýslu og rannsóknir.

Markmið auðlindanýtingar þurfa að vera skýr, leikreglur ljósar. Stefna Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi er að byggja á sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar en meginstoðir hennar eru; árangursríkt stjórnkerfi, öflugar rannsóknir og þróun vísinda.

En til þess að svo megi verða þurfum við langtímasýn, hugmyndaauðgi, þekkingu og þessa þætti er ekki hægt að panta, þeir koma úr takmörkuðu auðlindinni mannauðinum.

5

Ég nefni fyrirtækið Primex á Siglufirði oft sem dæmi um það hverju umhverfisvitund, þekking og framtíðarsýn getur komið til leiðar.

Það voru hertar umhverfiskröfur sem urðu til þess að Primex var stofnað árið 1997. Um áratugaskeið hafði tíðkast að henda rækjuskel í sjóinn en yfir vofði blátt bann við slíku athæfi. Það var hægt að byrja urða skelina en forsvarsmenn Ramma á Siglufirði, SR-mjöl og fleiri aðilar hófu að leita leiða til að búa til verðmæti úr skelinni. Athuganir leiddu í ljós að nokkrir möguleikar voru í stöðunni en ofan á varð að einangra kítín úr skelinni og framleiða úr því kítósan. Verksmiðjan var sett upp í gamalli byggingu SR-mjöls á Siglufirði sem staðið hafði auð áratugum saman. Í ár er áætlað að útflutningsverðmæti frá Primex verði um 700 milljónir króna og þar starfa 14 manns.

Helsta vandamál fyrirtækisins er reyndar að það vantar enn meiri skel til framleiðslunnar. En mögulegt væri að framleiða og selja mun meira af kítósan ef framboð á rækjuskel væri meira en nú er svo komið að Primex kaupir rækjuskel frá öllum rækjuverksmiðjum á landinu að einni undanskilinni. Fjölmargir Íslendingar nota daglega vörur með kítósan frá Primex án þess líklega að hafa hugmynd um það því meðal fyrirtækja sem kaupa af Primex og nota í ýmsar vörulínur eru til dæmis Herbalife, Nu Skin, Now, L'oréal, Wella og fleiri.

Fyrirtækið vinnur einnig að því að reyna vinna bug að miklum vanda sem mannkynið stendur fyrir, við erum að tala um offitu gæludýra. Í rúmlega hálfu ári hefur megrunarefni fyrir gæludýr með efni á Siglufirði, verið á boðstólum hjá verslanakeðjunni Walmart í Bandaríkjunum. Markaðsstarfið þarna gengur sem sagt mjög vel og greinilegt að enn eru óþægðir akrar í þeim efnunum fyrir sjávarútveg.

Og fyrst að við erum að tala um markaðsstarf á vörum sem fyrir örfáum árum hefði bara verið hent, þá er vert að nefna ísfrska lækningavörufyrirtækið Kerecis. Fyrirtækið vinnur vörur úr þorksroði til að meðhöndla þrálát sár og hefur náð miklum árangri á skömmum tíma. Fréttablaðið sagði einmitt frá frá því í síðustu viku að bandaríska heilbrigðisráðuneytið hefði viðurkennt vörurnar og því eru þær orðnar gjaldgengar hjá félagslega hluta bandaríska heilbrigðiskerfisins, Medicare og

Medicaid, sem og öllum þeim þúsundum einkarekinna tryggingafyrirtækja sem þjónusta heilbrigðiskerfið þar í landi.

Við erum að tala um það að búið er að útbúa verðmæta lækningavöru úr roði. Þetta er lagt á sár og frumur líkamans vaxa inn í efnið og breyta því að lokum í heilbrigða húð. Þessar vörur hafa þegar fengið samþykki evrópskra yfirvalda og er sala hafin í Bretlandi, Þýskalandi og einnig í Mið-Austurlöndum en þar eru vaxtarmöguleikarnir mjög miklir því helstu samkeppnisvörurnar eru unnar úr vef svína og einnig úr mannhúð en eins og þið getið ímyndað ykkur eru ýmisleg siðferðisleg vandkvæði sem fylgja notkun á vörum úr svínum og mönnum. Vaxtartækifærin eru því mikil.

Þetta finnst mér nokkuð vel af sér vikið hjá fyrirtækjum frá Ísafirði og Siglufirði og greinilega enga afdalamennsku þar að finna frekar en annar staðar í sjávarútvegi heldur alþjóðlega hugsun, framsýni og nýtingu.

Ég gæti haldið áfram að telja upp spennandi sprota og tæknifyrirtæki sem hafa sprottið upp úr íslenskum sjávarútvegi lengi í viðbót.

6

Og ekki má gleyma grunninum eða sjálfri matvælaframleiðslunni sem íslensku sjávarútvegur er og þeim markaðstækifærum sem jafn heilnæm vara býður upp á í heiminum. En ég ætla stilla mig í upptalningum.

En til þess að sjávarútvegurinn geti nýtt sér þau tækifæri sem í honum búa enn frekar og koma í veg fyrir að það mikla starf sem þegar hefur verið unnið glattist ekki þurfum við að auka skilning og þekkingu fólks á þessum mikilvæga atvinnuvegi.

7

Við eigum að láta okkur öll skólastig varða. Sjávarútvegur eru svo fjölbreyttur að ekki er auðvelt að skilgreina hugtakið. Ég fór yfir það á stofnfundi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi fyrir skömmu að það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar orðið sjávarútvegur er nefnt eru veiðarnar. Þær eru afar þýðingarmikill hluti af sjávarútvegi en þó aðeins hluti af svo miklu stærri mynd. Sú mynd sýnir samfélag sem hefur tekist að gera sjávarútveg sem byggir á sjálfbærum veiðum og þekkingu að meginstöð efnahagslífs landsins.

8.

Stundum er þessi mynd kölluð virðiskeðja, en þegar við förum að reyna að teikna þessa upp þessa mynd þá komumst við að því að það var ekkert hægt að hafa þetta línulega mynd. Þetta er miklu frekar eins konar virðisnet. Þetta virðisnet spannar vísindasamfélagið sem við byggjum sjálfbærar veiðar á, vinnslurnar og það mikla

hugvit sem knýr þær áfram, sóknarfærin sem markaðsfyrirtæki þurfa að greina og nýta sér til að fá sem best verð fyrir afurðirnar, yfirsýnina og tæknina sem flutningsfyrirtækin þurfa til að koma vörunni á áfangastað og allt það duglega og kraftmikla fólk sem þarf til að sækja, vinna, rannsaka, þróa og skapa úrvals matvæli og vörur úr sjávarfangi --allt þetta sem gert hefur íslenskri þjóð kleift að skapa meiri verðmæti úr sjávarauðlindinni en flestum öðrum þjóðum hefur tekist.

(((Flest fyrirtæki sem ég þekki til hafa látið sig menntun starfsfólks miklu varða. Fisk Seafood á Sauðárkróki hefur nú til dæmis fengið Háskólann á Hólum að hluta til inn á gafl með því að þjóða upp á afnot af kennslu- og rannsóknaraðstöðu hjá fyrirtækinu án endurgjalds undanfarin ár. Fyrirtækið hefur líka ráðið til sín þrjá starfsmenn til að sinna rannsóknar- og þróunarstarfi á, einn næringarfræðing, annan efnaverkfræðing og sá þriðji er að ljúka líftækni námi. Fyrirtækið stendur líka fyrir mikilli endurnýjun á framleiðslutækjum og gætt þess að þjálfa starfsfólk samhliða þessu. Þannig telja stjórnendur fyrirtækisins sig fá sjálförugga starfsfólk, sem hefur þekkingu á auðlindinni sem það vinnur úr, vörunum sem það skapar og vélunum sem það vinnur við. Allt þetta skapi fyrirtækinu svo aukin verðmæti og efla forvarnir.)))))

En ég ítreka að við megum ekki halla okkur aftur og halda að þetta gerist að sjálfu sér heldur þurfum við að hlúa að þessum árangri til að viðhalda honum og vera vakandi fyrir breytingum og gera greininni kleift að takast á við þær. Mér er minnisstæður fyrirlestur sem ég hlustaði á ársfundi Samtaka atvinnulífsins í vor. Þar ræddi Stephane Garelli, framkvæmdastjóri IMD rannsóknarstofnunarinnar í Sviss, en þar hefur verið starfrækt rannsóknarstofnun um samkeppnishæfni þjóða heims í 20 ár um það sem þjóðir þurfa að hafa í huga þegar kemur að menntun.

Hann benti á að það er vitanlega gott að útskrifa fólk úr háskólum. Hann sem prófessor í háskóla gæti ekki sagt annað. En það þurfi einnig fólk sem lærir að vinna störf. Iðn- og starfsnámskerfið er algerlega lífsnauðsynlegt fyrir margar sakir. Þjóðir þurfi að viðtalda starfsþekkingu, þannig sé styrkur Þjóðverja falinn í því að þeir kunna enn að búa til hluti og koma á markað. Þessu hafa Bretar hins vegar að miklu leyti glatað. Þeir framleiða afskaplega lítið og það skapar aftvinnulífis meðal stórra hópa fólks sem hefur kannski allt aðra hæfileika og styrkleika en þá að sitja á skólabekk og langar ekki neitt að klæða sig í jakkaföt eða dragtir í framtíðinni en hefur samt svo margt fram að færa til samfélagsins. Ef að þjóðir huga ekki að þessu unga fólk komast þær í ógöngur.

(((Og svo ég haldi áfram að vitna í þennan ágæta prófessor sem ég nefndi hér áðan, Stephen Garelli, þá benti hann einnig á að þjóðir geta komist í vandræði ef ekki er hugað nægilega vel að iðn- og starfsmenntun. Tók hann dæmi um lönd sem hafa lagt mjög mikla áherslu á háskólamenntun og of litla áherslu á að kenna fólk að vinna úr vörunni sjálfri.)))

9

Og svo að ég bremsi mig nú aftur af því nú langar mig halda áfram að telja upp fleiri mikilvægar greinar á mörgum stigum menntunnar sem þarf til að óravítt svið sjávarútvegarins starfi á sem bestan hátt ætla ég að fá að sýnna þetta upp núna í lokin.

Í þessari hörðu samkeppni sem sjávarútvegurinn tekur þátt hjálpar okkur mikið að vera á Íslandi. Ímynd landsins er sterk, það er þekkt fyrir hreinleika.

Við þurfum að skara fram úr á alþjóðavettvangi til að viðhalda sérstöðu okkar sem framleiðendur fyrsta flokks afurða. Við þurfum að tengja skólakerfið betur við atvinnugreinina til að laða að færasta fólkið, byggja framþróun áfram á þekkingu og viðhalda því orðspori sem Íslendingar hafa skapað sér á alþjóðlegum mörkuðum. Við byggjum á takmörkuðum auðlindum og þurfum að hlúa að þeim – hafinu og mannauðnum.

10

Takk fyrir